



# Golfklúbbur Reykjavíkur

## Staðarreglur - Grafarholt

- Vallarmörk eru girðingar og hvítar stikur. Þegar **12.** braut er leikin er svæðið vinstra megin við stikurnar útaf. Ef hann hafnar handan innri brúnar á malarstíg sem liggur vinstra megin meðfram 14. holu. Annars eru stikurnar óhreyfanlegar hindranir.
- Jarðfastir steinar á snöggslegnu svæði á almenna svæðinu, fjarlægðarhælar, vökvunarkerfi, lok á ræsum, fjarlægðar- stikur og önnur skilti, ásamt bekkjum og ruslatunnum á vellinum, **einnig vatnsbrunnur og vatnskrani á 10. Holu** eru *óhreyfanlegar hindranir* sem lausn er veitt frá samkvæmt **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður).
- Skúrarnir á **10. holu** eru óhreyfanlegar hindranir og er veitt frí lausn frá þeim skv. **reglu 16.1** (Óeðlilegar vallaraðstæður), þegar þeir trufla fyrirhugaða stöðu eða fyrirhugað sveiflusvið.
- Vítasvæði:
  - Sé vítasvæði merkt aðeins öðrumegin, merkir það að mörk þess framlengjast óendanlega.
  - Sé vítasvæði merkt rautt með hvítum toppi er það bannsvæði og leikmenn verða að taka víti útúr því.
- Grund í aðgerð:
  - Sé grund í aðgerð merkt með bláum hælum með hvítum toppi er það bannsvæði og leimenn verða að taka lausn útúr grundinni.
- Þegar bolti liggur innan *almenna svæðisins* og gras slegið í brautarhæð eða neðar, má taka vítalausa lausn einu sinni áður en *högg* er slegið, með því að leggja upphaflega boltann eða annan bolta innan þessa *lausnarsvæðis* og leika honum þaðan:
  - Viðmiðunarstaður: Staðurinn þar sem boltinn liggur (sjá reglu 14.1).
  - Stærð lausnarsvæðis: ein *kylfulengd* frá viðmiðunarstað.
  - Takmörk á staðsetningu lausnarsvæðis:
    - Það má ekki vera nær *holunni* en viðmiðunarstaðurinn
    - Ef boltinn liggur innan við tvær kylfulengdir frá flöt, má ekki færa næra flöt.**
    - Það verður að vera á *almenna svæðinu*.
- Kylfingar verða að kynna sér vel leikhraðareglur, hegðunarreglur og aðrar auka staðarreglur sem birtar eru á upplýsingatöflu í klúbbhúsi.

### Tímabundnar staðarreglur:

- Til 1. Júlí og eftir 1. október, þegar bolti liggur á flöt, má færa bolta um allt að einn púttershaus einu sinni fyrir hvert högg, en ekki nær holu.
- Sjá upplýsingatöflu vegna sérreglna útaf Covid-19

### Víti fyrir brot á staðarreglu, almennt víti.

Sími dómara í mótum: 660-9756

Félagsmenn GR geta sent póst á [domari@rgolf.is](mailto:domari@rgolf.is) og fengið úrskurð sinna mála við almennan leik Tilgreina þarf keppnisfyrirkomulag (höggleikur/punktakeppni/holukeppni) + völl og ítarlega staðhætti